



Minnisblað

Viðtakandi	Velferðarnefnd Alþingis	Dagsetning	21. maí 2024
Sendandi	Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið	Málsnúmer	FRN24050057

Mál nr. 909, frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna samstarfs og eftirlits á vinnumarkaði.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið vísar til erindis velferðarnefndar Alþingis til ráðuneytisins, dags. 10. maí 2024. Í erindinu óskar nefndin eftir minnisblaði frá ráðuneytinu þar sem fram komi afstaða ráðuneytisins til þeirra umsagna sem borist hafa nefndinni í tengslum við frumvarp til laga um breytingu ýmsum lögum vegna samstarfs og eftirlits á vinnumarkaði.

Í fyrrnefndum umsögnum er meðal annars gerð athugasemd við 5. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að óinnheimtar dagsektir falli ekki niður eftir síðasta sektardag nema að Vinnueftirlit ríkisins ákveði slíkt sérstaklega.

Dagsektir eru í eðli sínu þvingunarúrræði og líkt og kemur fram í skýringum við 5. gr. frumvarpsins þykir mikilvægt að atvinnurekendur sjái hag sinn í því að verða sem fyrst við fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins um úrbætur svo að úrræðið þjóni tilgangi sínum. Í þessu sambandi má nefna að þegar kemur að því að Vinnueftirlit ríkisins beiti þvingunarúrræðum hefur stofnunin þegar veitt hlutaðeigandi atvinnurekanda ítrekuð tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við stofnunina í tengslum við fyrirmæli stofnunarinnar um úrbætur sem og til að gera úrbætur. Þá er hlutaðeigandi atvinnurekanda jafnframt veitt tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en að álagningu dagsekta kemur. Til að úrræðið þjóni tilgangi sínum þykir því mikilvægt að atvinnurekandi láti ekki áfram hjá líða að bregðast við fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins í ljósi þess að óinnheimtar dagsektir falla niður þegar úrbætur hafa verið gerðar. Í þessu sambandi má jafnframt nefna sem dæmi að ætla má að það geti raskað samkeppnistöðu atvinnurekenda á vinnumarkaði dragi atvinnurekandi að verða við fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins um úrbætur í ljósi þess að það liggur fyrir að óinnheimtar dagsektir falla niður eftir síðasta sektardag.

Í fyrrnefndum umsögnum er einnig gerð athugasemd við 8. gr. frumvarpsins í tengslum við fyrirhugaðar heimildir Vinnueftirlits ríkisins til að beita stjórnvaldssektum í tilteknum tilvikum þar sem heimildirnar þykja ekki fara saman við leiðbeiningar- og fræðsluhlutverk stofnunarinnar, sbr. 75. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.

Samkvæmt gildandi lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hefur Vinnueftirlit ríkisins ekki heimildir til að beita stjórnvaldssektum brjóti atvinnurekendur gegn ákvæðum laganna. Líkt og fram kemur í skýringum við 8. gr. frumvarpsins þykir mikilvægt að kveðið verði á um heimild Vinnueftirlits ríkisins til stjórnvaldssekta vegna brota gegn tilteknum ákvæðum laganna til að auka líkur á að farið sé að ákvæðunum. Í því sambandi má nefna að brot gegn þeim ákvæðum laganna sem hér um ræðir þykja öll þess eðlis að mikilvægt þykir að atvinnurekendur sjái hag sinn í því að brjóta ekki gegn ákvæðunum þannig að vellíðan, heilsu og öryggi starfsfólks sé tryggt. Ekki er því gert ráð fyrir að í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum verði kveðið á um almenna heimild Vinnueftirlits ríkisins til beitingu stjórnvaldssekta heldur eingöngu miðað við að stofnunin hafi slíkar heimildir í nánar tilgreinum tilvikum sem mikilvægt þykir að koma í veg fyrir á vinnumarkaði. Þykja slíkar heimildir ekki ganga gegn fræðsluhlutverki Vinnueftirlits ríkisins skv. 75. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Þá er í fyrrnefndum umsögnum jafnframt gerðar athugasemdir við tiltekin ákvæði í frumvarpinu í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga.

Í c-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að í lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, verði kveðið á um að með sérstökum samningi verði komið á fót samstarfsvettvangi opinberra eftirlitsaðila gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Í skýringum við ákvæðið kemur meðal annars fram að fyrsti samningur þess efnis milli lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Skattsins, Vinnueftirlits ríkisins og Vinnuálastofnunar hafi þegar verið undirritaður og að það hafi verið gert 15. nóvember 2019. Jafnframt



Minnisblað

kemur fram í 3. mgr. ákvæðisins að markmiðið með samstarfsvettvangnum sé að efla og samræma eftirlit með því að allir aðilar á vinnumarkaði fari að ákvæðum laga, reglugerða og kjarasamninga sem gilda á innlendum vinnumarkaði.

Umræddum samstarfsvettvangi er þannig ætlað að efla og samræma eftirlit sem snýr fyrst og fremst að því hvort atvinnurekendur fari að þeim lögum sem gilda á vinnumarkaði en almennt teljast upplýsingar um fyrirtæki ekki persónuupplýsingar. Gengið er út frá því að við eftirlitið nýti hver og einn eftirlitsaðili þær heimildir sem hann hefur lögum samkvæmt til að hafa eftirlit á vinnumarkaði en í því sambandi verður að ætla að umræddir eftirlitsaðilar fari að lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sem og öðrum lögum sem varða vinnslu persónuupplýsinga, eftir því sem við á.

Að lokum er tekið undir ábendingu þess efnis að breyta þurfi heiti Sjúkratrygginga Íslands í 4. gr. frumvarpsins í Sjúkratryggingastofnunin til samræmis við heiti stofnunarinnar samkvæmt lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008.